

Reykjavík 27. október 2014

Alþingi við Austurvöll
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
150 Reykjavík

Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög o.fl. 12. mál.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við Alþingi varðandi 3. gr. framangreinds frumvarps. Ákvæðið hljóðar svo:

2. málsl. 3. mgr. 55. gr. laganna orðast svo: Félagi sem hefur fengið hluti sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) er þó ekki heimilt að kaupa eigin hluti á hærra verði en nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu kom núgildandi ákvæði 2. málsl. 3. mgr. 55. gr. laganna inn með lögum nr. 68/2010 og var tilefni lögfestingar ákvæðisins dómur Hæstaréttar frá 29. október 2009 í máli nr. 228/2009. Málið kom upp í kjölfar fjármálahrunsins og varðaði viðskipti þar sem þar sem félag keypti bréf af forstjóra á yfirverði. SFF eru hlynnt því að löggjafinn tryggji jafnræði hluthafa og komi í veg fyrir að mögulegt sé að mismuna hluthöfum með því að kaupa út einn eða fleiri innherja á hærri verðum en markaðsverðum.

Í núgildandi ákvæði er heimild stjórnar hlutafélags, þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF), til að ákveða fjárhæð þá sem félagið má reiða fram sem endurgjald fyrir kaup á eigin hlutum, fest við síðasta skráða dagslokagengi á markaði áður en samningur um kaup var gerður. SFF telja að núgildandi ákvæði laganna sé of þröngt þar sem það hafi valdið réttaróvissu gagnvart eftirfarandi viðskiptum:

- a. Heimildir félagsstjórnar til að kaupa eigin bréf, t.d. sem hluta af endurkaupaáætlun. Í endurkaupaáætlun tilkynnir stjórn jafnan um kaup á eigin bréfum á ákveðnu tímabili og ákveðnu magni. Tilboðin standa öllum hluthöfum til boða og ferlið er gagnsætt. Hins vegar er markaðsverð á stöðugri hreyfingu og ákvæði gildandi laga ýtir félögum í að kaupa bréf eftir lokun markaða af tilteknum hluthöfum. Jafnræði og gagnsæi er þá minna.
- b. Viðskiptavakt félaga á eigin bréfum fyrir eigin reikning. Ákvæði gildandi laga útilokar í raun að félög geti haft viðskiptavakt þar sem bréf eru keypt og seld í reikning

félagsins, og getur viðskiptavaktin því aðeins farið fram í gegnum eigin reikning þess fjármálafyrirtækis sem er viðskiptavaki. Það er þó ekki í samræmi við ákvæði laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, sem heimila útgefendum viðskiptavakt á eigin bréfum.

Þegar hið nýja ákvæði sem lagt er til í 3. gr. frumvarpsins er skoðað þá er það mat SFF að það sé til bóta hvað varðar kaup á eigin bréfum en orðalag ákvæðisins er að miklu leyti tekið óbreytt úr 1. mgr. 5. gr. viðauka við reglugerð um innherjaupplýsingar og markaðssvik, nr. 630/2005. SFF telja þó að verði ákvæðið óbreytt að lögum geti það áfram takmarkað að skráð fyrirtæki geti verið með viðskiptavakt á eigin bréfum fyrir eigin reikning. Mikilvægt er að löggjafinn taki af allan vafa um það að slíkt sé heimilt eins og ákvæði laga um verðbréfavíðskipti gera ráð fyrir.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir hdl.